



Reykjavíkurborg

Umhverfis- og skipulagssvið

Reykjavík, 8. júní 2020

USK2019060027

8.4

Borgarráð

Nýjar leikskóladeildir - "Brúum bilið." Funaborg.

Óskað er eftir að borgarráð heimili umhverfis- og skipulagssviði að bjóða út 1. áfanga framkvæmda við leikskólann Funaborg. Um er að ræða byggingu á nýju húsi í skógarlundi austan við núverandi leikskóla.

Framkvæmdirnar er hluti af verkefninu "Brúum bilið" og fara fram á árunum 2020-2021.

Kostnaðaráætlun 2 vegna þessa áfanga er 80 mkr.

Greinargerð:

Um er að ræða byggingu á svokölluðu "skógarhúsi" sem mun hýsa eina nýja leikskóladeild. Áformað er að verkið verði boðið út sem alútboð þar sem verktaki sér um fullnaðarhönnun og verkframkvæmd. Síðari áfangar fela svo í sér viðbyggingu og breytingar á núverandi húsnæði leikskólans.

Kostnaðarstaður: 1106

Kostnaðaráætlun 2: 80 mkr.

Áætluð hækkun innri leigu SFS: 7 mkr. á ári.

Ámundi Brynjólfsson,
skrifstofustjóri framkvæmda og viðhalds


Hjálagt:

- Kynning

BRÚUM BILIÐ

STOFNUN UNGBARNADEILDA VIÐ LEIKSKÓLA ERU HLUTI AF ÁÆTLUN BORGARINNAR UM AÐ BRÚA ÞAÐ BIL SEM NÚ ER MILLI FÆÐINGARORLOFS OG INNTÖKUALDURS BARNNA Á LEIKSKÓLUM.

STEFNT ER AÐ ÞVÍ AÐ KOMNAR VERÐI UNGBARNADEILDIR Í ALLA LEIKSKÓLA MEÐ 4 DEILDUM EÐA FLEIRUM Í LOK ÁRS 2023.




VERKEFNIÐ FELUR Í SÉR:

- Byggingu á nýju húsnæði (140 m²) í skógarlundi austan við núverandi leikskóla (skógarhús) sem mun hýsa eina nýja leikskóladeild (24 börn).
- Skógarhúsið verður byggt úr timbri á steiptum grunni og er lögð áhersla á að það falli vel að umhverfinu.
- Lóð kringum skógarhús verður einnig fullfrágengin og húsið tengt veitukerfi borgarinnar.
- Áætlaður heildarkostnaður er 80 mkr.
- Áætlað er að framkvæmdum ljúki í mars 2021.
- Í undirbúningi er stækkun á húsnæði Furuborgar og fjölgar leikskóladeildum þá um 4 deildir til viðbótar.

VERKEFNIÐ FELUR Í SÉR:

- Breytingar á núverandi húsnæði. Við bætist ein leikskóladeild (12 börn) auk þess sem eldhús verður stækkað.
- Uppfæra þarf eldvarnir, hljóðvist, loftaklæðningu og lýsingu skv. nógildandi byggingareglugerð.
- Byggt verður við húsið samtals um 160 m². Í viðbyggingu verður m.a. sameiginlegur salur og bæt aðstaða starfsfólks/skrifstofur.
- Frágangur á lóð og færsla á geymsluskúr.
- Útlit og efnisgerð viðbyggingar verður áþekk núverandi húsnæði leikskólans.



Takk fyrir

ÞAÐ ER MARKMIÐ OG STEFNA REYKJAVÍKURBORGAR AÐ
GETA TRYGGT ÖLLUM BÖRNUM LEIKSKÓLAPLÁSS EFTIR AÐ
FÆÐINGARORLOFI LÝKUR.

UMHVERFIS- OG SKIPULAGSSVIÐ